



HLUTVERK FRAMTÍÐARNEFNDAR REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR

BAKGRUNNUR

Í samræmi við [Stjórnskipulag ReykjavíkurAkademíunnar](#) sem samþykkt var 11. júní 2024 getur stjórn RA skipað fastar nefndir (starfsnefndir) til þess að hafa yfirsýn yfir og umsjón með ákveðnum og vel skilgreindum málum og þannig léttu störf stjórnar og víkka grundvöll ákvarðanna hennar. Einnig að upplýsa stjórn ef ákvarðanir hennar á viðkomandi sviði þarfnast endurskoðunar.

Það er nauðsynlegt að stjórn afmarki vel hlutverk starfsnefndar og að að minnsta kosti einn stjórnarmaður sitji í nefndinni og tryggi upplýsingaflæði til stjórnar Akademíunnar.

FRAMTÍÐARNEFND

Stjórn ReykjavíkurAkademíunnar hefur ákveðið að setja á fót Framtíðarnefnd ReykjavíkurAkademíunnar sem hefur þann tilgang að aðstoða stjórn við að tryggja að hlutverk og þjónusta stofnunarinnar þróist í takt við samfélagið og geti þar með staðið þétt að baki fræðafólki sem starfar utan háskólanna.

Hlutverk Framtíðarnefndar er að vanda umræðu og ákvörðunartöku stjórnar RA fyrir umræður um framtíðarsýn og stefnumörkun RA til lengri tíma. Helstu verkefni Framtíðarnefndar eru að fjalla um og undirbúa umræðu stjórnar um stefnumótun og innleiðingu hennar, forgangsröðun meginverkefna, rekstrarumhverfi stofnunarinnar og viðskiptamódel.

Nefndin skal m.a. fjalla um stöðu fræðafólks utan háskólanna og ReykjavíkurAkademíunnar og þær áskoranir og tækifæri í framtíðinni sem að snertir tæknibreytingar, langtímabreytingar á sviði rannsókna og þróunar, lýðfræðilegabreytingar og sjálfvirknivæðingu.

Nefndin er skipuð af stjórn ReykjavíkurAkademíunnar til 3ja ára í senn og starfar hún í umboði stjórnar. Nefndin kemur saman eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Framtíðarnefndin starfar í umboði stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar og er skipuð 8 fulltrúm sem tilnefndir eru af stjórn RA. Þar á meðal er formaður stjórnar RA sem situr í nefndinni í krafti sinnar stöðu og er formaður nefndarinnar. Hann sér um að leggja niðurstöður og tillögur nefndarinnar fyrir stjórn RA til umræðu og ákvörðunar.

Framkvæmdastjóri er ritari nefndarinnar og sér um ritun fundargerða tillagna framtíðarnefndar.

Samþykkt af stjórn ReykjavíkurAkademíunnar 4. desember 2024